

Bæjarstjórn - 18

## FUNDARBOÐ

**18. fundur bæjarstjórnar  
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 2. nóvember 2023 og  
hefst kl. 17:00**

### Dagskrá:

#### Fundargerðir nefnda

- 1. 2310003F - Bæjarráð - 15**  
Lögð fram 15. fundargerð bæjarráðs.
- 2. 2309003F - Skipulagsnefnd - 14**  
Lögð fram fundargerð 14. fundar skipulagsnefndar.
- 3. 2310001F - Skóla- og fræðslunefnd - 9**  
Lögð fram fundargerð 9. fundar skóla- og fræðslunefndar.
- 4. 2310002F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 30**  
Lögð fram fundargerð 30. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.
- 5. 2309001F - Umhverfis- og náttúruverndarnefnd - 2**  
Lögð fram 2. fundargerð umhverfis- og náttúruvernarnefndar.

#### Erindi til kynningar

- 6. 2310022 - Skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits**  
Lögð fram skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum.

#### Erindi til afgreiðslu/umsagnir

- 7. 2202010 - Snjómokstur gatna og gönguleiða**  
Lagt fram bréf frá húseigendum í Arnarborg varðandi snjómokstur á svæðinu. Bæjarráð vísaði málinu á 14. fundi sínum til næsta fundar. Einnig er lagt fram bréf sem ritað er undir f.h. lóðarhafa í Arnarborg, dags.12. október 2023.

Bæjarráð tók á 15. fundi sínum fram að með sameiningu Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar hafi skapast þörf til að rýna og skoða þjónustustig í víðum skilningi í hinu sameinaða sveitarfélagi með tilliti til jafnræðis. Í þessu sambandi benti bæjarráð m.a. á að sami fasteignaskattur er lagður á sumarhús í Arnarborgum og á önnur sumarhús í sveitarfélaginu, en snjómokstur er fjármagnaður með skatttekjum

sveitarfélagsins. Bæjarráð benti jafnframt á að hefðbundin þjónusta í snjómokstri er skilgreind í reglum um snjómokstur í sveitarfélaginu hverju sinni og getur sú þjónusta tekið breytingum í samræmi áherslur hverju sinni.

Á grundvelli framangreinds sá bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.

Bæjarráð vísaði afgreiðslunni til staðfestingar í bæjarstjórn.

#### **8. 2306018 - Saurar 9 deiliskipulag**

Lögð fram skipulagslýsing frá Arkís arkitektum, f.h. Vigraholts ehf., vegna nýs deiliskipulags og breytingar á Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 vegna fyrirhugaðrar frístundabyggðar, íbúðarbyggðar og verslunar og þjónustu í landi Saura 9.

Áður hafði sveitarfélagið heimilað landeiganda að hefja vinnu við gerð deiliskipulagstillögu og tillögu að breytingu á aðalskipulagi í samræmi við 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsnefnd samþykkti, á 14. fundi sínum, fyrir sitt leyti að auglýsa skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag í landi Saura 9 (Vigraholts) í samræmi við 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og breytingu á Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 í samræmi við 1. mgr. 36. gr með vísun í 1. mgr. 30 gr. laganna.

Bæjarráð staðfesti afgreiðslu skipulagsnefndar á 15. fundi sínum og lagði til við bæjarstjórn að auglýsa skipulagslýsinguna.

#### **9. 2310002 - Saurar 9 - stofnun lóða**

Lögð fram umsókn Vigraholts ehf. um stofnun lóða í landi Saura 9 (Vigraholts) á grunni gildandi Aðalskipulags Helgafellssveitar 2012-2024, samkvæmt framlögðum uppdrætti.

Þar sem framkvæmdaleyfið tengist yfirstandandi skipulagsvinnu og stofnun lóða á Saurum 9, vísar skipulagsfulltrúi málinu til afgreiðslu í skipulagsnefnd.

Á 14. fundi sínum taldi skipulagsnefnd stofnun fjögurra íbúðarhúsalóða og þriggja frístundahúsalóða í landi Saura 9 vera í samræmi við Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012-2024 og samþykkti fyrir sitt leyti stofnun lóðanna samkvæmt framlögðum uppdrætti í samræmi við 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 12. gr. laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001. Þá tók nefndin fram að ef ekki liggja fyrir undirritað samþykki landeigenda aðliggjandi jarða og landsspilda, skuli grenndarkynna fyrirhugaða stofnun lóða.

Bæjarráð staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar á 15. fundi sínum og vísaði til staðfestingar í bæjarstjórn.

#### **10. 2302012 - Styrking leikskólastarfs - Betri vinnutími**

Lögð fram drög að skýrslu um styrkingu leikskólastarfs í Stykkishólmi. Á 14. fundi sínum taldi bæjarráð skýrsluna gott og mikilvægt innlegg inn í umræðuna. Í tengslum við styrkingu leikskólastarfs voru lagðar fyrir 15. fund bæjarráðs tillögur að útfærslu á betri vinnutíma í tengslum við styrkingu leikskólastarfs í Stykkishólmi, en á 9. fundi skóla- og fræðslunefndar studdi nefndin fyrirliggjandi tillögur um betri vinnutíma. Nefndin tók þó fram að nauðsynlegt sé taka mið af nemendum hvers skólaárs þar sem elsti árgangur útskrifast um sumar og því ekki hægt að fella niður gjöld fyrir þann árgang um jól næsta

skólaár.

Skóla- og fræðslunefnd lagði jafnframt til á 9. fundi sínum að á þessu skólaári verði lokað 22. desember og 2. janúar og skráningar verði krafist milli jóla og nýárs. Foreldrar þurfi að tilkynna hvort barn verði í leikskóla á milli jóla- og ný árs og hvort þau kjósi að velja leið 1 eða 2 fyrir 15. nóvember 2023 og munu þá fá greiðslur feldar niður desember 2023. Stjórnendur leikskólans muni síðan uppfæra skóladagatal í samræmi við bókunina.

Á 9. fundi skóla- og fræðslunefndar var lögð fram aðgerðaráætlun Leikskólans í Stykkishólmi í samræmi við skýrslum um styrkingu leikskólans.

Á 15. fundi sínum samþykkti bæjarráð tillöguna með áorðnum breytingum og lagði til við bærstjórn að staðfesta hana.

Fyrir bærstjórn er lögð fram til afgreiðslu tillaga bæjarráðs, eftir umfjöllun í skóla- og fræðslunefnd, um betri vinnutíma í tengslum við styrkingu leikskólans í Stykkishólmi. Jafnframt er lagt til að öðrum aðgerðum samkvæmt fyrirbyggjandi aðgerðaráætlun og snúa að bærstjórn sé vísað til frekari vinnslu í bæjarráði.

#### **11. 2303021 - Styrkumsóknir**

Auglýst var eftir styrkumsóknum frá einstaklingum og fyrirtækjum í samræmi við reglur sveitarfélagsins um styrkveitingar frá 14. september til 9. október sl. Lagðar eru fram þær umsóknir sem bárust ásamt tillögu að úthlutun. Lagt er til að bærstjórn vísi afgreiðslu málsins til bæjarráðs og að bæjarráði verði veitt fullnaðarumboð til afgreiðslu þess.

#### **12. 2310003 - Reitarvegur 7-17**

Lögð fram fyrirspurn Arnars Hreiðarssonar um breytingu á deiliskipulagi vegna Reitarvegs 7-17, sem felst í minnkun byggingarreits og lóðar til samræmis við byggingu á Reitarvegi 5, fækkun iðnaðarbíla úr 5 í 2-3, notkun stálgrindar í stað steyptra útveggja og afnámi ákvæðis um girðingu.

Á 14. fundi sínum fellst skipulagsnefnd ekki á að gerð verði breyting á deiliskipulagi Reitarvegs samkvæmt framlagðri lýsingu.

Bæjarráð samþykkti, Á 15. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar. Bæjarráð fól skipulagsfulltrúa og skipulagsnefnd að rýna í deiliskipulag svæðisins m.t.t. endurskoðunar í samræmi við þá eftirspurn og þarfir sem uppi eru í samfélaginu. Bæjarráð ákvað að lóðin verði tekin af úthlutunarlista á meðan deiliskipulag er endurskoðað. Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bærstjórn.

#### **13. 2310026 - Erindi frá Svæðisgarðinum**

Lagt fram formlegt erindi Svæðisgarðsins þar sem þess er farið á leit að staðfesta vilja til áframhaldandi starfsemi Svæðisgarðsins. Á 15. fundi sínum vísaði bæjarráð málinu til bærstjórnar.

#### **14. 2205039 - Ungmennaráð**

Lögð fram tillaga að skipan ungmennaráðs í samræmi við tillögur hlutaðeigandi aðila.

**15. 2310019 - Gjaldskrár 2024**

Lögð fram drög að gjaldskrár sveitarfélagsins 2024 sem tekur mið af forsendum fjárhagsáætlunar 2024-2027 sem samþykktar voru á 17. fundi bæjarstjórnar.

Bæjarráð samþykkti gjaldskrárnar á 15. fundi sínum og vísaði til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

**16. 2310016 - Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Stykkishólms 2024-2027 (fyrri umræða)**

Fjárhagsáætlun 2024-2027 lögð fram til fyrri umræði í bæjarstjórn.

Bæjarráð samþykkti fjárhagsáætlunina á 15. fundi sínum og vísaði til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

**17. 2310044 - Lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.**

Lagt fram minnisblað bæjarritara þar sem lagt er til að sveitarfélagið óski eftir 60 millj. kr. lántöku sveitarfélagsins hjá Lánasjóði sveitarfélaga, til viðbótar við áætlaðar lántökur, og tillaga að bókun bæjarstjórnar vegna umræddrar lántöku sveitarfélagsins.

**18. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra**

Framlagðir minnispunktar bæjarstjóra.

31.10.2023

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri.